

VILJAYFIRLÝSING

FJÁRFESTINGAR Í ÞÁGU SJÁLFBÆRRAR UPPBYGGINGAR

Fjármagn er mikilvægt hreyfiafl í mótun atvinnu- og efnahagslífs og samfélagsins í heild. Rétt nýting þess ræður miklu um samkeppnishæfni þjóða og framtíð komandi kynslóða. Fjárfestar, fjármálafyrirtæki, stofnanir og ríkisstjórnir gegna því mikilvægu hlutverki í því að móta atvinnulíf og samfélög.

Við undirrituð teljum að sjálfbær þróun sé meðal undirstöðuatriða við fjárveitingar, fjárfestingar og útlánastarfsemi. Sjálfbær þróun byggist á jafnvægi umhverfis, samfélags og efnahags og með markvissum aðgerðum er hægt að nýta fjárveitingar, fjárfestingar og útlánastarfsemi til að viðhalda sjálfbærri þróun. Víðtæk áhrif COVID-19 undirstrika enn betur mikilvægi þess að hafa sjálfbærni sem mikilvægt leiðarljós í því uppbyggingarstarfi sem framundan er.

Í ákvörðunum okkar tókum við tillit til alþjóðlegra skuldbindinga Íslands og þeirra viðmiða sem íslensk stjórnvöld hafa sett sér. Þar má nefna markmiðið um kolefnishlutlaust Ísland eigi síðar en árið 2040, markmið Parísarsamkomulagsins um að dregið verði úr losun gróðurhúsalofttegunda þannig að hlýnun jarðar fari ekki yfir 1,5 gráður og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun 2030. Eftir atvikum er einnig litið til ESG/UFS, meginreglna Sameinuðu þjóðanna um ábyrga bankastarfsemi (UN PRB), meginreglna Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (UN PRI), UN Global Compact ofl.

Við skuldbindum okkar ennfremur til að birta stefnu okkar um ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar, fjárveitingar og útlánastarfsemi, og veita upplýsingar um leiðir okkar í þessum efnum.

**) Framkvæmd yfirlýsingarinnar tekur eðli málsins samkvæmt mið að lagaheimildum, innri reglum og umboði viðkomandi fjárfesta.*